

Freðnir

31. árg. • Des. 2005 • Nr 78

SOROPTIMISTASAMBAND ÍSLANDS
HAMRABORG 10 • 200 KÓPAVOGUR



Ritstjórnar Línur



Kæru systur

Árið 1975 markaði tímamót í íslenskrri kvennasögu á síðari hluta aldarinnar. Þúsundir kvenna á öllu landinu lögðu niður vinnu og stormuðu á kvennafundi. Með þessum kvennadegi vildu konur leggja áherslu á málefni kvenna í viðum skilningi. Nú, 30 árum síðar, var aftur blásið til sóknar og konur lögðu niður störf 24. október sl. og héldu á kvennafundi. Tilgangurinn var bæði að fagna 30 ára afmæli kvennafrídagsins og ekki síður að leggja aukna áherslu á jafnréttismál.

Við Soroptimistar störfum að málefnum kvenna og viljum leggja okkar af mörkum til að bæta hag þeirra. Allt frá stofnun samtakanna hefur eitt megin markmiðið verið að vinna að framgangi kvenna bæði heima fyrir og á alþjóðavettvangi. Í Soroptimistasambandi Íslands eru nú um 500 félagar sem starfa að þessum markmiðum. Ljóst er að styrkur kvenna eykst með samstöðu við aðrar konur.

Á þeim 30 árum sem liðin eru frá kvennafrídeginum hefur staða kvenna í þjóðfélaginu vissulega breyst mikið og þróast í rétta átt. En við megum samt ekki láta deigan síga fyrr en hér hefur náðst fullt jafnrétti karla og kvenna. Við félagar í Soroptimistasambandinu munum áfram starfa að málefnum kvenna og með sameiningarkrafti getum við stuðlað að auknum jöfnuði. Vegna styrks og krafts Soroptimista skiptir miklu máli að samtök sem þessi séu til í íslensku samfélagi.

Kæru systur, ritstjórn Fregna þakkar fyrir samstarfið á liðandi ári. Við óskum ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Hafdís Karlsdóttir
Sigurrós Þorgrímsdóttir
Borghildur Vigfúsdóttir
Hólmfríður Pálsdóttir
Margrét Guðjónsdóttir
Þorbjörg Kristinsdóttir

Skilafrestur

í næsta blað Fregna, er 15. febrúar 2006.

Efni skal skilað á tölvutæku formi,
annað hvort á diskni eða í tölvupósti.

Hafdís Karlsdóttir, Löngubrekku 23, 200 Kópavogi
tekur við efni á netfangið hafdís@in.is



Hvatning Soroptimista

Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

Markmið Soroptimista

Að vinna að bættri stöðu kvenna.
Að gera háar kröfur til siðgæðis.
Að vinna að mannréttindum öllum til handa.
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:
að veita þjónustu í heimabyggð, heimalandi
og á alþjóðavettvangi,
að taka virkan þátt í ákvarðanatöku hvarvetna
í þjóðfélaginu.

Myndatökur

Þegar teknar eru myndir á stafrænar myndavélar eru þið vinsamlegast beðnar um að hafa myndavélina stillta á bestu gæði/mestu upplausn. Svo við getum haft möguleika á að birta stórar og skýrar myndir í blaðinu.

Efnisyfirlit

Ritstjórnarlínur	2
Forsetasiða	4
Fréttir úr ýmsum áttum	4
Fríðarverðlaun Soroptimista	5
Hlaupið í nafni fríðar	5
Hugsað til jólanna	6
Jólahald	7
Kynning á verkefnum	8
Hið árlega 10. desember ákall	9
Auglýsing frá Akureyri	10
Soroptimistaklúbbur Keflavíkur 30 ára	11
Árbæjarklúbburinn 25 ára	11
Hin hliðin á Munaðarnesi	12
Haustfundurinn í Munaðarnesi	14
Fríðarkona frá Afríku	17
Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Keflavíkur	18
Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness	18
Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Kópavogs	19
Eindagar	19
X-konurnar í ævintýrasiglingu	20
Jólakort Soroptimistaklúbbs Kópavogs	21
Hrekkjavaka á Snæfellsnesi	22
Fríðardúkkur Mosó - Holland - Mosó	22
Fréttir úr Mosó	23
Fréttir úr ýmsum áttum	23

Fregnir er fréttablað Soroptimistasambands Íslands
 Heimasíða Soroptimistasambands Íslands er www.soroptimist.is,
 netfang stjórnar er stjorn@soroptimist.is,

Forsíðumynd: Undir Eyjafjallajökli.

Myndina tók Hólmfríður Pálsdóttir, Kópavogsklúbbi við rætur Eyjafjallajökuls, febrúar 2004
 Prentvinnsla: Prentsmiðjan Steinmark

ForsetaSíða



Sigríður
Þórarinsdóttir

Kæru systur.

Ég vil byrja á að þakka ykkur fyrir ánægjulega samveru í Munaðarnesi. Það var m.a. góðri þátttöku ykkar að þakka hversu vel tókst til. Sérstaklega ánægjulegt var að heyra um hin fjölbreyttu friðarverkefni sem hafa verið í gangi í hinum ýmsu löndum innan Evrópusambands Soroptimista. Friðarbókin verður líka vonandi kveikja að mörgum nýjum góðum friðarverkefnum í klúbbunum. Forseti Evrópusambandsins hefur tilkynnt að hún muni, eins og forveri hennar, veita friðarverðlaun í lok forsetatíðar sinnar eða árið 2007. Hvetur hún okkur sérstaklega til að byggja friðarverkefni okkar, fram að þeim tímamótum, á staðbundinni arfleifð og að reyna eftir fremsta megni að ná til unga fólksins. Við þurfum líka að vekja athygli á friðarverkefnum klúbbanna á heimavelli. Það var einstaklega skemmtilegt að sjá hvernig Akureyrarsystur nýttu sér tækifærið í tengslum við alþjóðlegan friðardag Sameinuðu þjóðanna 21. september síðastliðinn, til að vekja athygli á friðarverkefnum sínum. Gaman væri að sem flestir klúbbar hefðu það að

markmiði að nota 21. september 2006 til að kynna sín friðarverkefni, hver á sínu svæði.

Heimsóknin til háskólasamfélagsins á Bifröst var að mínu mati einnig afar forvitnileg og merkilegt að sjá þá miklu uppbyggingu, sem þar er að eiga sér stað. Þarna er heilt þorp að rísa í kringum þekkingarsamfélag, sem margar okkar geta haft gagn af að kynna sér enn betur og jafnvel njóta góðs af. Á meðan fastir nemendur voru í helgarleyfi sátu þeir sem stunda fjarnám, og/eða voru á styttri námsskeiðum, við nám. Öll þróun og alþjóðavæðing á sviði viðskipta sem og annarra starfa er svo hröð að við þurfum stöðugt að vera að afla okkur nýrrar þekkingar til að vera gjaldgengar á vinnumarkaðnum.

Umræðan sem hófst í Munaðarnesi um landssambandið var afar gagnleg. Vonandi verður hún til að koma skýrari mynd á hlutverk og skyldur embættismanna innan landssambandsins og klúbbanna. Okkar vinna verður að miðast að því að gera embættin eftirsóknarverð og að þær systur, sem taka að sér embætti, viti að hverju þær ganga. Við megum aldrei sofna á verðinum með að endurskoða öll embætti og ávallt með það í huga að gera þau meira aðlaðandi. Núna nálgast hratt sá tími að ganga þarf frá framboðum til embætta landssambandsins og treysti ég því að þið verðið duglegar að gefa kost á ykkur en bíðið ekki eftir að leitað verði til ykkar.

Útbreiðsla er eitt af því sem við vinnum stöðugt að og er mjög nauðsynleg til að halda merki okkar á lofti.

Stöðug endurnýjun innan klúbbanna er einnig afar mikilvæg til að starfið blómstri þar. Mikilvægast af öllu er þó, að mínu mati, að við hlúum ávallt vel hvor að annarri, hugsum sérstaklega vel um nýja féлага og þær sem eiga við erfiðleika af einhverju tagi að stríða. Verum einlægar í vináttu og reiðubúnar til hjálpar þar sem vináttu og hjálpar er þörf.

Forseti Alþjóðasambands Soroptimista hefur sent út 10. desemberakall sitt, sem að þessu sinni er helgað baráttunni gegn malaríu. Það er sorgleg staðreynd að í Afríku sunnan Sahara, veldur malaría fleiri dauðsföllum en HIV/AIDS. Bein tengsl eru á milli malaríu og fátæktar. Augunum verður að þessu sinni beint að fátæku héraði, Zé, í Benin. Þetta verkefni verður unnið í samvinnu við m.a. WHO og fjóra Soroptimistaklúbba í Benin. Nánar verður sagt frá verkefninu annars staðar hér í blaðinu.

Eins og ég hef áður gert hvet ég ykkur kærur systur til að bera merkið okkar oftar og vera ófeimnar við að segja frá fyrir hvað við stöndum, á einfaldan hátt. Við erum alþjóðleg starfsgreinasamtök kvenna sem vinnum að bættum mannréttindum og friði, gæti verið eitt svarið þegar spurt er hvað við gerum. Ítarlegri útskýringar geta svo fylgt í kjölfarið ef áhugi er fyrir því hjá viðmælanda.

Kæru systur, það er einlæg ósk mín að friður og fögnuður adventunnar og jólanna megi ríkjá á meðal ykkar og fjölskyldna ykkar.

Sigríður Þórarinsdóttir

Afmæli:

- 40 ára afmæli klúbbsins í Burgdorf í Sviss 12.-13. nóvember 2005
- 50 ára afmæli klúbbsins í Verviers í Belgíu 18. mars 2006
- 50 ára afmæli klúbbsins í Brugge í Belgíu 6.-7. maí 2006
- 50 ára afmæli klúbbsins í Hannover í Þýskalandi 19.-21. maí 2006
- 50 ára afmæli klúbbsins í Köln í Þýskalandi 1.-3. júní 2006
- 50 ára afmæli SI/Bosphorus haldið í Istanbul í Tyrklandi 2.-4. júní 2006
- 50 ára afmæli klúbbsins í Bogazici í Istanbul í Tyrklandi 2.-4. júní 2006

- 50 ára afmæli klúbbsins í Hamborg í Þýskalandi 7.-9. september 2006

Ýmislegt:

- Frönskudagar hjá klúbbum í Monte Carlo í Monaco 28. apríl - 1. maí 2006
- Friðarmaræðing í Rúanda 14. maí 2006
- Norrænir vinadagar í Vaasa í Finnlandi 16.-18. júní 2006
- Evrópu fundur og vinadagar í Lisbon í Portugal 22.-24. september 2006
- XVIII Convention Soroptimist International, Glasgow, Scotland SI/BGI 29. júlí - 3. ágúst 2007

Friðarverðlaun Soroptimista

á Evrópusambandsþinginu í Vín í júlí 2005.
(Þorbjörg Kristinsdóttir þýddi úr Link)

Vera Bohle þakkar Soroptimistum fyrir friðarverðlaunin sem hún fékk í Vín á Evrópusambandsþingi Soroptimista í sumar. Það kom henni að óvörum en það gladdi hana mjög mikið.

Vera hafði starfað sem sjónvarpsfréttamaður og lagt stund á leikhús-, kvikmynda- og sjónvarpsfræði, einnig verið við nám í stjórnmálum og landafræði. Takmark hennar var að gerast fréttaritari. En eftirfarandi atvik breyttu þessari ákvörðun hennar: Að sjá eynd flóttafólks sem streymdi heim til að reyna að byggja upp nýtt líf eftir ófriðinn í Mozambique. Að horfa ofan af þaki hótels í Sómalíu á flóttamannabúðir, sem ekki var einu sinni hægt að kalla tjöld og ótrúlegt að fólk skyldi búa þarna. Að sjá konur, karla og börn ekkert nema skinn og bein og lík borin burt næstum daglega fyrir augum hennar. Henni fannst hún vera á röngum stað, hún ætti frekar að vera þarna niðri að dreifa matvælum.

Vera vildi læra eitthvað þarft til að hjálpa flóttafólkinu. Þegar hún frétti



Vera Bohle

að í skóla í Dresden væri kennt að finna jarðsprengjur og þær gerðar óvirkar, hélt hún þangað til náms. Í skólanum komst hún að því, að jarðsprengjur eru ekki hannaðar til að drepa heldur „aðeins“ til að limlesta einhvern. Hin sjúklega rökfærsla á bak við þetta er að draga úr kjarki hermanna við að bera særðan félagu í burt.

Vera hefur unnið á mörgum stöðum við að aftengja jarðsprengjur eins og í Afganistan, Mozambique, Kosovo og Albaníu. Á þessum stöðum hefur hún séð mikla sorg, mikið hatur og mikla eyðileggingu eftir stríðsátök. Allar hörmungar, sem Vera hefur orð-

ið vitni að, kenndu henni að það er ekki landið sem tapar stríði heldur konur og börn af öllum þjóðernum. Það er mjög auðvelt að eyðileggja eitthvað, en miklu erfiðara að endurbygga eitthvað svo það sé til hagsbóta.

Vera sá að hún gat ekki leyst vandann með því að útrýma jarðsprengjum, hún yrði að beita áhrifum sínum á stjórnmálasviðinu. Hún fékk tækifæri til að vinna fyrir Sameinuðu þjóðirnar á ráðstefnu í Genf um takmörkun vígbúnaðar. Hún reyndi að fá stjórnmalamennina til að samþykkja bann við jarðsprengjum, en þeim fannst það óhófleg krafa. Það virðist sem hernaðarmál vegi miklu þyngra en það að huga að velferð og heilsu almennings.

Vera er mjög hrifin af verkefnum Soroptimista í þágu friðar sem hefur borið mikinn árangur og vitneskjan um það hefur gefið henni styrk til að halda sínu striki áfram. Hún hvetur Soroptimista til að gefast ekki upp, því að með samvinnu er hægt að áorka miklu.

Hlaupið í nafni friðar

Laugardaginn 17. september sl. var haldið svokallað Akureyrarhlaup í blíðskaparveðri. Þetta er mjög vinsælt hlaup og var góð þátttaka. Í ár var Soroptimistaklúbbur Akureyrar viðriðinn hlaupið. Laufey Baldursdóttir „Soroptimistahlaupari“ tók málið í sínar hendur og þarna mættum við, nokkrar systur. Vorum við með plaköt þar sem friðarsáttmálinn var prentaður á, ásamt smá umsögn um okkar verkefni, merkið okkar og fleira. Var þetta mjög fallegt.

Síðan voru klíptir niður gulir og bláir borðar, nælur settar í og nældum við í um 80 þátttakendur (áttum ekki fleiri). Þetta mæltist mjög vel fyrir og allir voru ánægðir að hlaupa í nafni friðar. Laufey hljóp síðan 10 km og við hinar



Laufey Baldursdóttir, verkefnastjóri heilbrigðismála hjá landsambandinu

hlupum 3 km með barn í kerru og tvo stutta stráka að auki. Allir komust í mark, fengu verðlaunapeninga, sem dingluðu við hliðina á borðunum okkar. Við fórum glaðar heim, með frið í hjörtum okkar, eftir



Akureyrarsystur

góðan dag og síðast en ekki sist: Það vita mun fleiri að við Soroptimistar erum til!

Kærar systrakveðjur,
Elsa Björnsdóttir, Akureyri

Hugsað til jólanna

„Bráðum koma blessuð jólin” segir í vísunni, sem ég raula fyrir munni mér, er barnabarnið ryðst inn, með bunka af auglýsingablöðum í skrautlegum litum ekki vantar það. Mál til komið að hætta að hugsa, amma. Já! Senn líður að jólum og nú er yfir þeim annar svipur, allt er breytingum háð. Kaupakapphlaupið færast alltaf framár.

Fyrir fimmtíu árum var ég ung brúður, sem gifti sig á jólunum. Flutti svo úr sveitakyrrðinni í ys og þys Reykjavíkurjólanna og ljósanna. Þvílíkur munur.

„Lýður tendrar ljósín hrein, líður að tíð-um, líður að helgum tíð-um”. Hversdagsleiki hins fábrotna og einfalda sveitalífs kvaddur. Ljómi jólanna lýsti upp svartasta skammdegið. Ljómi Reykjavíkurljósanna, framtíðina. Þessi hátíð rauf ekki venjubundna lífshætti til sveita, svo allt færi úr skorðum. Jólin voru fyrst og fremst hátíð kristninnar. Gjafir jólanna eiga að gleðja en ekki glepja.

Hversu margir munu leiða hugann að því í dag að jólaljósín hafi forðum logað skært á lýsislampa eða tólgarkerti úti um dreifðar byggðir. Að jólatré smíðað úr rekabút, málað og skreytt með mislitum umbúðapappír, sem engum dettur í hug að nota til neinna hluta í dag hafi skapað innilega gleði og hrifningu. Mosi og grenigreinar voru þurrkaðar og notaðar utan um stofninn. Smápokar voru búnir til, saumaðir eða limdir með hveitilími og hengdir á tréð. Í þá voru settar smágjafir, svo sem spil, blýantur, rúsínur eða gráfíkjur. Hruga af þökkum við tréð þekktist ekki. Pabbi setti gorma á tréð, búna til úr vír, sem kerti voru sett í. Við fengum ekki kerti í jólagjöf, þau voru eingöngu í varðveislu mömmu enda „kerti ekki barnameðfæri”. Jóláhátíðin var hátíð án mikilla umbrota og rauf ekki venjubundna lífshætti svo allt færi úr skorðum. Jólin í sveitinni minni voru fyrst og fremst hátíð kristninnar. Fleiri ljós lýstu upp, kveikt var á sparilömpunum kl. 6 á

aðfangadag, sem höfðu verið fægðir og pússaðir svo sem silfrið í dag.

Ný jólaföt, kannske jólaskór gerðu helgistund jólakvöldsins hátíðlegri. Sterkari hugblær hreif þá sem hlýddu á jólaguðspjallið, sem öll fjölskyldan safnaðist saman til að hlusta á í útvarpinu hjá afa. Seinna um kvöldið las afi alltaf jólasögur fyrir okkur, en amma skoðaði sálmabókina og nýjateamentið, sitjandi á rúminu sínu og finnst mér að ég hafi

aldrei séð hana iðju-

lausa endranær. Afi las hversdagslega mikið

upphátt og hún prjónaði, saumaði og spann. Sólarhringinn helga, frá kl. 6 á aðfangadag til kl. 6 á jóladag, voru spil aldrei

snert, en á jóladagskvöld var alltaf spilað, allir spiluðu. Senn líður að jólum og nú er yfir þeim annar svipur en var fyrir 50 árum síðan, hvað þá ef

lengra er litið.

Viðbrigðin eru mikil. Nú býr stór hluti þjóðarinnar í borg eða þéttbýli og öll þekkjum við þá lífshætti sem fjölbýlismenning hefur skapað.

Hve margir leiða hugann að því að jólaljósín hafi forðum logað skært á lýsislampa, eða jólatré smíðað úr rekaviðarbút, sem engu nútímabarni dettur í hug að nota til neins, hafi skapað djúpa og innilega gleði og hrifningu.

Hver er munurinn á umhverfi jólagleðinnar fyrr og nú? Getur ekki verið að munaður og dýrar gjafir hafi öfug áhrif við það, sem ætlast er til? Viljum við ekki fyrst og fremst skapa okkur og börnum okkar gleðilega jólahátíð í Jesú nafni.

Margrét Viggósdóttir
Skagafjarðarsystir

Jólahald

Jólahátíðin var að baki þegar ég kom fyrst til Íslands í janúar 1995. Ennþá voru jólaskreytingar og jólalýsingar á götum og í gluggum húsa og fannst mér það mjög fallegt, þar sem við skreytum ekki húsin okkar í Jerúsalem á þennan hátt, hvorki um jól eða við önnur tækifæri. Borgin sér um að skreyta göturnar með ljósum en ekki eins mikið og hér á Íslandi, jafnvel þó Jerúsalem sé borg Jesús.

Þó að ég sé múslimi frá Jerúsalem og hafi lært í skólanum um kristindóm og eigi að trúa því að Jesús sé spámaður Guðs og eigi að trúa á það sem stendur í biblíunni, þá var aldrei haldið upp á jólin á heimili mínu meðan ég bjó í Jerúsalem. En ég vissi heilmikið um kristna trú þegar ég kom til Íslands. Múslimar og kristið fólk voru nángrannar mínir og héldum við saman upp á jólin. Ég hafði lært um Jesús og hvenær hann fæddist og í Jerúsalem héldum við upp á fæðingardag hans 25. desember. Þá fór fólk til kirkju um morguninn og síðan í heimsóknir hvert til annars.

Það fyrsta sem ég lærði um jólin á Íslandi var um jólasveinana 13 sem setja litlar gjafir á hverju kvöldi í skó barnanna. Þetta er ekki til í Jerúsalem og ég þekkti það ekki fyrr en hringt var í mig í desember frá leikskóla sonar míns og ég boðuð á fund. Ég fór á fundinn og sagði skólástjórinn, að síðustu tvo daga hefðu börnin í leikskólanum verið að sýna hvort öðru gjafirnar sem jólasveinarnir gæfu þeim í skólinn, en sonur minn væri eina barnið sem hefði ekki verið með neinar gjafir.

Ég vildi að sonur minn væri eins og hin börnin og hann tæki þátt í þessari siðvenju og félli inn í barnahópinn, en væri ekki öðruvísi en hin leikskólabörnin vegna þess að ég væri múslimi. Ég hugsaði mig ekki um tvisvar og fór í næstu verslun og keypti þar ódýrasta hlutinn sem ég fann, þar sem ég átti fjögur önnur börn. Tvö barnanna voru í fjórða og fimmta bekk í grunnskóla og hin tvö í tíunda bekk. Mig langaði að segja þeim frá því sem ég hafði lært þennan dag um íslenskar venjur. Börnin vöknudu snemma næsta morgun og kíktu í skóinn sinn í gluggakistunni og voru glöð yfir því sem þau fengu. Þau fengu aldrei kartöflur í skóinn, því þau voru alltaf góð börn, og til



Amal ásamt börnum sínum Ahd og Bissan Ingu og kettinum Perlu.

að þau höguðu sér vel var nóg að segja við þau „ég held að þið fáið kartöflur í skóinn í kvöld!“. Það virkaði.

Jólin voru gott tækifæri til að losna við allt stressið sem safnast hafði fyrir yfir árið og fann ég það sérstaklega eftir fyrsta árið. Ég ákvað að halda upp á jólin nákvæmlega eins og Íslendingar gera og það gerum við ennþá. Fjölskyldan hittist á heimili mínu, við kaupum gjafir handa öllum, við skreytum húsið í byrjun desember og við komumst í jólaskap strax í byrjun mánaðarins.

Ég elda arabískan mat og er það besti arabíski maturinn í heiminum. Strax í október fara börnin að tala um hvað eigi að vera í jólamatinn og í hvert skipti sem við tölum um mat frá Jerúsalem segja þau „við skulum hafa þetta um næstu jól“. Við borðum kl. 18:00 og er aðal munurinn á borðhaldinu sá að það tekur börnin ekki nema 10 mínútur að borða og gengið er frá í eldhúsinu á innan við 10 mínútum, sem er í eina skipti ársins sem gengið

er frá í eldhúsinu án þess að ég þurfi að segja þeim 10 sinnum að gera það.

Allir í fjölskyldunni eru hamingjusamir og spenntir að fá jólagjafirnar því undir trénu okkar er hrúga af gjöfum. Við erum 8 í fjölskyldunni og við gefum hvort öðru gjafir auk þess að fá gjafir frá nálægum vinum og vanda mönnum. Við sitjum saman eftir að gjafirnar hafa verið opnaðar, tölum saman, dönsum og syngjum og rifjum upp skemmtilega atburði sem við höfum upplifað. Á jölunum hlæjum við fyrir allt árið, við gleðjumst yfir árinu sem er að ljúka og okkur finnst þetta vera okkar hátíð því við fögnum jölunum á sama hátt og allir aðrir á Íslandi. Við höfum fengið nýja sýn á jólahátíðina og við skynjum að við erum hluti af þeim siðvenjum sem allir taka þátt í á sama tíma - á sama augnabliki - það er mjög góð tilfinning.

Ég óska öllum gleðilegra jóla og farsæls nýárs.

Amal Tamini
Soroptimistaklúbbi Kópavogs

Kynning á verkefnum

nýs Evrópuforseta 2005-2007, Monique Rivière

Aðgerðir eru lykillinn að velgengni okkar. Áhrif okkar á fjölmiðla munu ráðast ekki aðeins af aðgerðum okkar heldur einnig hvernig þær eru settar fram.

Öll verkefni sem miða að auknum samskiptum systra og samstarfi klúbba verða starfrækt áfram:

„Open Heart - Open Door“, „Friendship Links“, „Project Exchange Pool“, „Youth Croisières“ en viðfangsefni þessara verkefna verða löguð að þema sambandsins.

Enn sé ég oft klúbba senda peninga til samtaka (sem ekki eru alltaf nægilega vel skilgreind) sem starfa í löndum þar sem Soroptimistaklúbbar eru fyrir og eru jafnvel að sinna sömu málum. Soroptimistar eru áhrifamikil samtök sem starfa á nægilega mörgum svæðum til að við ættum að geta þróað aðgerðir okkar innan þeirra. Slíkt verður ánægjulegra og vekur fremur athygli almennings á sam-tökum okkar.

Þegar Heidrun Konrad forseti kynnti þema stjórnartíðar sinnar „Women Building Peace“ og hin frábæru einkunn-arorð ákvað ég strax, viss um vináttu hennar og gagn-kvæman skilning, að fá leyfi hennar til að halda áfram með þetta verkefni á minni stjórnartíð. Reyndar er það svo að í heiminum sem skekinn er af alls konar átökum verða konur, sem verða oft fyrstu fórnarlömin ásamt börnum, að taka málin í sínar hendur og stöðva þetta brjálæði. Við Soroptimistar verðum að verja friðinn, þ.e. við verðum að hefja upp raust okkar og tala máli þeirra sem engan eiga málsvarann. Við verðum að nýta stöðu okkar í samfélaginu, hina gífurlegu þekkingu sem við búum yfir sakir fjölbreytilegs bakgrunns okkar til að hafa áhrif á þá sem taka ákvarðanir. Ennfremur verðum við sem konur að grípa til aðgerða innan fjölskyldna okkar, í þorpum og borgum, og kenna umburðarlyndi og virðingu fyrir öðrum. Þetta er í raun það sem við höfum verið að gera allt frá stofnun samtaka okkar en þó án þess að tala nóg um það. Já, við erum vissulega: „Konur sem leggjum grunn að friði“, „Women Building Peace“.

Af þessu leiðir að þeir klúbbar, sem eru með friðarverkefni í gangi, geta haldið þeim áfram.

Þetta á við um Friðarmaræðni sem tókst svo vel í ár að það verður endurtekið í Rwanda 14. maí 2006 með tilstyrk, að ég vona, frá fjölda Soroptimistaklúbba.

Þetta á einnig við um Friðarverðlaunin sem verða veitt í lok stjórnartíma míns.

Þegar þið hefjið nýjar aðgerðir sem stuðla að friði, sting ég upp á að þið notið lykilorðið, virðingu, sem getur átt við alla verkefnisþætti:

- Virðing fyrir mannréttindum, sérstaklega þó kvenna og barna.
- Virðing fyrir réttindum til náms.
- Virðing fyrir réttindum á sanngjarnri fjárhags- og félagslegri þróun.

- Virðing fyrir rétti til góðrar heilsu.
 - Virðing fyrir veröld okkar og sjálfbærrar nýtingar og þróunar náttúruauðlinda.
- (Þetta atriði er sérstaklega mikilvægt fyrir mig þar sem í framtíðinni mun kreppa meir og meir að náttúruauðlindum, orku og vatni og þau verða og eru í reynd þegar orðin orsök alvarlegra átaka).

- Virðing fyrir öðrum í krafti skilnings og umburðarlyndis.

Í stuttu máli, virðing fyrir óþreifanlegri og óþreifanlegri arfleifð mannkyns í víðasta skilningi.

Aðgerðum þessum má þannig bæta við baráttuherferð frjálsra félagasamtaka (NGO) sem opinberlega starfa í samvinnu við UNESCO og sem þau hafa hrint af stað fyrir hinn alþjóðlega áratug til að efla áhrif ofbeldisleysis og friðar til hagsbóta börnum í heiminum, en þar eru lögð til tvö meginsvið aðgerða:

- Skilningur, umburðarlyndi og eining.
- Sjálfbær fjárhagsleg og félagsleg þróun.

Fulltrúar okkar hjá Unesco hafa tekið mjög virkan þátt í að skilgreina þessa herferð. „Arfleifð til að hlúa að friði“, þar sem tilgangurinn er að draga fram í ljósið einhverja staðbundna arfleifð og nota sem vitundarvakningu og sem tæki til að hlúa að friði. Þeir væru mjög ánægðir með að verða fulltrúar aðgerða okkar. Þið getið fundið upplýsingar á vefsíðunni: www.unesco.org/cp

- Í þessum anda legg ég til verkefnið „Hlúum að friði með staðbundinni arfleifð“. Klúbbarnir velji sér einhverja staðbundna arfleifð, annaðhvort áþreifanlega (minnismerki, stað í náttúrunni, sögulegan stað, o.s.frv.) eða óáþreifanlega (þekkingu, menningu, tónlist, hefðir o.s.frv.) sem hægt er að byggja verkefnið kringum og gefa út. Og við skulum ekki gleyma því að það er fyrst og fremst æskunni sem við verðum að gefa „Hlúum að friði“. Munið þessvegna að hafa ungt fólk með í ráðum í verkefnum ykkar.

- Skipuleggja mætti ferðir „Youth Croisières“ og hvers vegna ekki líka ferðir Soroptimista samkvæmt leiðarlýsingum sem tengdar væru þessum verkefnum.
- Fjármuni, sem safnast með aðgerðum þessum, mætti nota til verndar einhverri slíkri staðbundinni arfleifð sem er annaðhvort áþreifanleg eða óáþreifanleg sem og til að styrkja Friðarviðurkenningar og Friðarstyrki sambandsins.
- Verkefninu mun svo ljúka í Glasgow á alheimspinginu í júlí 2007 þar sem:
- Kynnt verður stórt kort af verkefni evrópska sambandsins: „Arfleifð til að hlúa að friði“
- Afhent verða verðlaun fyrir besta „Arfleifðarverkefni“ fyrir bæði svið aðgerða.
- Friðarstyrkur (eða styrkir) verður veittur ungri konu milli tvitugs og þrítugs sem tók þátt í verkefni þessu svo draumur hennar mætti rætast.

Heidrun Konrad og ég óskum þess að hafa með okkur mjög stóran hóp evrópskra Soroptimista þegar við kynnum á þingi þessu, sem haldið verður í Glasgow í júlí 2007, fjársjóði ímyndunarafis og göfuglyndis sem systur okkar sem „Hlúa að friði“ hafa sýnt og skapað svo við getum allar saman tekist á við orðtækið:
Ef þú vilt frið, búðu þig undir stríð og breytt því í:
Ef þú vilt frið, kepptu þá að friði.

Ég þakka ykkur athyglina. Ég er reiðubúin til að hlusta á ykkur, svo hikið ekki við að segja mér frá hugmyndum ykkar og uppástungum, en líka gagnrýni. Ég hlakka til að vinna með ykkur og fyrir ykkur á næstu tveimur árum.

Þetta verkefni Monique Rivière var kynnt á haustfundinum í Munaðarnesi af Sigríði Ágústsdóttur fráfarandi sendifulltrúa.



Hið árlega

10. desember ákall



alheimsforseta Soroptimista 2005. Soroptimistar ráðast gegn malaríu

Á hverju ári velur forseti Alheimssambands Soroptimista sameiginlegt verkefni, sem beinist beint að konum og börnum í mikilli neyð. Í ár ganga Soroptimistar um allan heim í lið með Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) við að fjármagna fyrirbyggjandi úrræði fyrir barnshafandi konur og ung börn í Zé héraðinu í Afríkuríkinu Benin, gegn malaríu. Zé er eitt af mörgum dreifbýlishéruðum landa í sunnanverðri Afríku þar sem malarían er landlægur ógnvaldur við heilsu ungra barna og mæðra. Mæður í Benin verða daglega að takast á við sorg vegna barnsmíssis af völdum þessa ógnvekjandi sjúkdóms, sem þó er einfalt að fyrirbyggja og lækna.

Átak WHO

Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna (WHO) setti af stað baráttu-átak gegn malaríu árið 1998. Markmið með átakinu er að búið verði að fækka dauðsföllum og veikindatilfellum um 50% árið 2010. Átakinu var hrundið af stað vegna hækkandi dánartíðni í Afríku af völdum sjúkdómsins. Frá því það hófst hafa komið fram upplýsingar um árangursríkari baráttuáðferðir en áður þekktust. Markmiðið nú er að úrræðin nái til fátækra þýðu Afríku, sem fram að þessu hefur ekki átt neinna kosta vól í baráttunni.

Um malaríu

Malaría er sýking af völdum sníkjudýrs sem berst milli manna með moskítóflugum af Anopheles stofni. Fyrstu einkenni um smit koma oftast fram að einni til tveim vikum liðnum. Þau eru hiti höfuðverkur, kölduflog og uppköst. Sé ekki brugðist við með réttum hætti sýkjast og skemmast rauðu blóðkornin og geta stíflað æðar, sem flytja eiga súrefni til heilans eða annarra mikilvægra líffæra, og valdið þannig dauða. Malaría orsakaði þjáningar og dauða vítt um heimsbyggðina fram til miðrar síðustu aldar þegar tókst að ráða niðurlögum hennar víðast hvar í

hinum vestræna heimi. Enn ógnar malaría lífi og heilsu um 40% jarðarbúa. Um 350 - 400 milljónir manna veikjast árlega og hún kostar að minnsta kosti eina milljón mannlífa á ári. Hæst er dánartíðnin í löndunum sunnan Sahara meðal barna yngri en fimm ára og barnshafandi kvenna. Um 10 þúsund barnshafandi konur og um 200 þúsund börn deyja árlega af völdum malaríu sem mæðurnar hafa veikst af á meðgöngu.



Malaría er ein algengasta ástæða veikinda og ótímabærra dauðsfalla í Afríku. Eitt bit moskítóflugu getur valdið dauða barns, beri flugan malaríusmit. Malaría veldur fleiri dauðsföllum meðal barna undir 5 ára aldri en nokkur annar sjúkdómur. Malaría veldur einnig barnshafandi konum miklum skaða. Veikist þær eiga þær á hættu blóðskort og fösturlát. Hlutfall andvana fæðinga er mjög hátt meðal kvenna er veikjast af sjúkdómnum. Algengt er að fæðingarþyngd barna veikburða mæðra sé lítil en það dregur mjög úr lífslíkum þeirra fyrsta árið.

Malaría rænir ungar stúlkur möguleikum til betra lífs. Í Zé, eins og í öðrum fátækum samfélögum ríkja sunnan Sahara í Afríku, hefur malarían mikil áhrif. Stúlkur Afríku þurfa að glíma við margvíslega erfiðleika sem malarían magnar með ýmsu móti. Endurteknar hitasóttir, blóðleysi og önnur veikindi hafa mjög hamlandi áhrif á andlegan og líkamlegan þroska. Fjarvistir úr skóla draga úr menntun stúlkna - og vítahringurinn heldur áfram.

Malaría er einn aðaláhrifavaldur fátæktar. Helstu hagfræðingar heims hafa lýst árangursríkri baráttu gegn henni sem einni af fjórum áhrifaríkustu leiðum sem mannkynið á, til að koma í veg fyrir fátækt.

Malaría er einn aðaláhrifavaldur fátæktar. Helstu hagfræðingar heims hafa lýst árangursríkri baráttu gegn henni sem einni af fjórum áhrifaríkustu leiðum sem mannkynið á, til að koma í veg fyrir fátækt.

Með þátttöku okkar í þessu verkefni getum við tryggt stúlkum í Zé betri tækifæri til menntunar og bættrar heilsu og fært þeim þannig möguleika til efnahagslegra framfara.



Saman geta Soroptimistar lyft grettistaki og sýnt heiminum hverju hægt er að áorka - hvernig hægt er að breyta lífi fólks til hins betra.

Í samvinnu við Alþjóðaheilbrigðisstofnun SP (WHO) eigum við möguleika á að koma í veg fyrir að konur og börn undir 5 ára aldri veikist af völdum sjúkdómsins. Rannsóknir hafa sýnt að það að sofa undir flugnaneti, sérmeðhöndluðu gegn skordýrum, hefur mikil áhrif í baráttunni gegn sjúkdómnum. Þessi sérmeðhöndluðu flugnanet kosta um 5\$ stykkið. Það er hærri fjárhæð en fátækur almenningur í dreifbýli Benin hefur ráð á. Aðgerðir sem beita á í sameiginlegu átaki Soroptimista um allan heim og Alþjóðaheilbrigðisstofnun Sameinuðu þjóðanna eru einfaldar:

Soroptimistasystur í Benin munu sjá um að koma flugnanetunum til barnshafandi kvenna og ungra barna í héraðinu. Þær munu einnig, í samvinnu við heilsugæslu héraðsins, vinna að því að fræða konur í Zé um hvernig forðast megi sjúkdóminn, hvernig þekkja megi einkenni hans og mikilvægi þess að bregðast strax rétt við þeim, með réttum aðgerðum og lyfjum.

Hvernig leggjum við okkar af mörkum?

Íslenskir Soroptimistar leggja árlega sitt af mörkum til 10. desember verkefnis alheimsforseta. 350 krónur af upphæðinni sem við greiðum til landssambandsins með félagsgjöldunum okkar renna til ákallsverkefnis alheimsforseta hverju sinni. Fyrir andvirði 5 Bandaríkjadollara (rúmlega 300 Ikr á gengi nóvember 2005) fæst eitt sérmeðhöndlað flugnanet. Hvert net endist í 4 - 5 ár og getur haft afgerandi áhrif á líf og heilsu þeirra sem njóta, allan þann tíma.

Fyrir framlagið frá Íslandi er hægt að kaupa 554 net, sem geta bjargað lífi og heilsu barnshafandi konu, og/eða barns á hverju ári ári og endist í ca 4.5 ár. Þarna verða fáar krónur úr hverjum vasa að beittu vopni í baráttunni gegn malaríu, á landssvæði þar sem vágsturinn er landlæg ógn og fátt hefur verið um úrræði til þessa.

Það er góð tilfinning að geta átt þátt í að bæta úr brýnni neyð, finnst ykkur það ekki?

*Með bestu kveðjum,
Ingunn Sigurðardóttir
Soroptimistaklúbbsi Skagafjarðar
Sendifulltrúi 2005 - 2007*

Tækifæriskort Soroptimistaklúbbs Akureyrar

Soroptimistaklúbbur Akureyrar gefur út afar falleg tækifæriskort. Myndirnar á kortunum eru eftir Bryndísi Arnardóttur, Billu, listakonu úr klúbbnum.

Annað kortið er í bláum litum og heitir: Svartur svanur.

Hitt er í ljósum litum og heitir: Hvítur svanur.

Stærð kortanna er 7 1/2 x 21 cm. Enginn prentaður texti er á kortinu, en merki samtakanna og mynd af listakonunni á bakhliðinni.

Þau eru seld 6 saman í pakka,- 3 af hvorum lit,- á 900 kr. og 10 í pakka,- 5 af hvorum lit,- á 1500 kr. Allur ágóði rennur til líknarmála. Það er von okkar að kortin veki áhuga ykkar og hrifningu.

*Með systrakveðjum,
Elsa Björnsdóttir,
Sími heima: 462-2324 eftir kl. 18.
Gsm: 864-2324
Netfang: elsabj@simnet.is*



Músamottur Soroptimista- klúbbs Akureyrar

Kæru systur,
Við viljum minna á fallegu músamotturnar okkar, með Soroptimistamerkinu á.

Þær eru tilvaldar til gjafa, þægilegar og léttar í umslagið, t.d. til systra í útlöndum.

Athugið!
Erum búnar að lækka verðið.
Aðeins 600 kr. mottan.

*Með systrakveðjum,
Signý Jónsdóttir,
Sími heima 466-3365.
Gsm 663-2525.
Netfang: signy@nett.is*

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur 30 ára

Klúbburinn var stofnaður 5. júní 1975. Systur ákváðu að halda ærlega upp á afmælið föstudaginn 11. nóvember sl. Mikil tilhlökkun lá í loftinu þegar við hittumst á sýslumannsplaninu eins og svo oft áður þegar við höfum brugðið okkur af bæ.

20 systur fóru af stað en við fengum óvæntan leynigest með í ferðina, sem var okkar kæri forseti og fyrrverandi klúbbsystir, Sigríður Þórarinsdóttir. Koma hennar vakti gleði, og var mikil kysstst, faðmast og hlegið á leiðinni.



Fundur settur.

Ferðinni var heitið í Draugasetrið á Stokkseyri þar sem draugar og alls konar mórar hræddu úr okkur líftór-una með sínum alkunnu bellibrögðum. Sem betur fer hafði skemmtinefndin séð fyrir styrkjandi veitingum sem við þurftum svo sannarlega á að halda þegar í rútuna var komið. Skemmtinefndin stóð sig mjög vel í matargeiranum og skemmtilegheitum og var meira að segja með flugfreyjutakta við að bera fram veitingar í rútunni.

Næst ókum við sem leið lá í Hestheima sem er í Ásahreppi. Þar var fallett að sjá húsin upplýst í myrkrunu, hvít fönn allt í kring. Þar tók á móti okkur strax inn og hóf að kenna okkur línudans í reiðhöllinni. Systur sýndu frábæra danstakta og fór hver að sínum eigin mörkum eins og sagt er í jóga.

Eftir dansinn var okkur boðið til stofu, þar tók húsfreyjan á móti okkur rjóð í kinnum og með svuntu. Stofan



Línudans.

var upplýst með ótal ljósum og skreytt á litríkan og heimilislegan hátt. Við héldum stuttan fund, kveiktum á kertum, minntumst látinna systra, gáfum gjafir og þáðum bók í tilefni afmælisins frá forseta. Húsfreyjan brast í fallegan söng og vakti söngur hennar óskipta athygli. Að því búnu gengum við að glæsilegu veisluborði að hætti hússins.

Það voru hressar og ánægðar systur sem kvöddust í Keflavík seint um kvöldið eftir góðan dag.

Árbæjarklúbburinn 25 ára

18. október 1980 komu saman 18 konur úr Árbæjarhverfi í Reykjavík. Tilefni fundarins var að taka við stofn- skjali að Soroptimistaklúbbi Reykjavíkur II úr hendi finnska sendifulltrúans Pirkko Auvinen. Núna tuttugu og fimm árum síðar eru systurnar í klúbbum 30 og nafninu hefur verið breytt í Soroptimistaklúbb Árbæjar. Í tilefni af afmælinu hittust systur í Félagsheimili Rafveitunnar og áttu



Formannakórinn

þar skemmtilegt kvöld með mökum sínum. Þar sungu saman allar þær konur sem gegnt hafa formennsku í klúbbum og sýndar voru myndir úr sögu klúbbsins. Hápunktur kvöldsins var þegar Guðrún Blöndal formaður klúbbsins kallaði Kristínu Sjöfn Helgadóttur upp og afhenti henni skjal til staðfestingar á því að hún væri fyrsti heiðursfélagi klúbbsins. Mun Kristínu Sjöfn sjaldan eða aldrei hafa orðið orða vant fyrr en þarna. Kristín Sjöfn hefur tekið virkan þátt í starfi klúbbsins. Hún var fyrsti formaður klúbbsins og hefur gegnt mörgum embættum innan hans. Kristín Sjöfn hefur hvatt systur áfram, verið óþreytandi í að leggja ýmsum verkefnum lið og hefur styrkt klúbbum með ýmsum gjöfum. Hún var forseti landsambandsins 1990-1992 og nú gegnir hún embætti sendifulltrúa.



Kristín Sjöfn og Guðrún Blöndal formaður klúbbsins.

Í ágúst síðastliðnum vígði Kristín Sjöfn nýjan klúbb í Münsterland í Þýskalandi. Við erum ákaflega stoltar af því að eiga svona duglega og glæsilega systur.

Með systrakveðju,
Kristjana Jónsdóttir ritari

Hin hliðin á Munaðarnesi 2005



Veisluklæddar systur.

Þó að ég hafi aðeins verið Soroptimisti í þrjú ár og jafnoft farið í Munaðarnes, þá er mér farið að finnast það sérstakt tilhlökkunarefni þegar mánaðarmótin september - október nálgast því þá er Munaðarnesferð í vændum. Auðvitað er ég eins og flestar aðrar systur að vinna alla daga og hlakka til helganna sem ég eyði með fjölskyldu og vinum eða til að gera allt það sem ekki vannst tími til í vikunni. Stundum hefur hvarflað að mér að ég hafi ekki tíma til að fara í Munaðarnes en það er bara vitleysa því þetta geri ég fyrir sjálfa mig og á það skilið. Fer af stað eftir vinnu á föstudegi og er komin heim upp úr hádegi á sunnudegi með skemmtilegar minningar um góða helgi. Við höfum þann háttinn á að þjappa okkur í bíla og verða samferða uppeftir. Þannig gefst okkur kærkomið tóm til að spjalla saman á leiðinni. Við stoppum oftast í Borgarnesi, bæði til að kaupa í morgunmat og fá okkur kvöldmat í Hyrnunni. Þar hittum við venjulega aðrar systur af höfuðborgarsvæðinu og þannig vex tilhlökkun til þess sem í vændum er.



Alltaf gaman hjá systur.



Arndís og Kristín Sjöfn úr Árbænum stinga saman nefjum.

Við komum okkur fyrir í húsinu sem okkur var úthlutað og röðuðum mat í ísskápin. Veðrið var frekar leiðinlegt, rigning og rok svo við vorum ekkert að hreyfa okkur neitt á milli húsa heldur höfðum það notalegt inni um kvöldið með kertaljósum, rauðvíni og ostum. Síðan fórum við snemma í háttinn til að búa okkur undir annasaman laugardag.

Við tókum daginn snemma og fengum okkur morgunverð saman í rólegheitum. Það er eitt af því sem er svo notalegt við Munaðarnesferðir, þegar við systur sitjum og spjöllum saman yfir góðum morgunmat. Þegar allar voru mettar og búnar að snyrta sig þá skunduðum við niður í Þjónustumiðstöð. Að vísu fórum við á bílnum því við vorum klyfjaðar af söluvarningi auk þess sem fyrirhuguð var bílferð að Bifröst um eftirmiðdaginn.

Við höfðum skráð okkur kvöldið áður þannig að nú þurftum við aðeins að finna borð undir söluvarninginn. Það gekk vel og við komum dótinu okkar fyrir og fórum að heilsa upp á systur.



Tvær góðar.



Jónína Guðnadóttir, Hafnarfirði og Þuríður Schiöth, Akureyri.

Það er enn eitt sem er skemmtilegt við Munaðarnesferðir, að hitta systur sem koma alls staðar að. Það er óhjákvæmilegt að ef þú ferð í Munaðarnes að hausti, á landsambandsfund að vori og aftur í Munaðarnes, þá ertu farin að þekkja heilmargar systur alls staðar að af landinu og það er alltaf jafn gaman að hittast aftur. Það er í gegnum þennan félagsskap sem ég hef átt þess kost að kynnast konum sem ég hefði að öllum líkindum ekki kynnst því við komum úr svo ólíkum áttum og er það mjög gefandi.

Nú var kominn tími til að Sigríður Þórarinsdóttir forseti setti fundinn og það gerði hún af röggsemi og dagskráin hófst. Það snerti mig þegar Sigríður minntist þriggja systra sem eru látnar með því að kveikja á þremur hvítum kertum. Að því búnu risu systur úr sætum og minntust þeirra látnu. Ein þeirra, Alda Jensdóttir úr Keflavíkurklúbbsi, var meðal þeirra fyrstu sem ég kynntist fyrir utan minn eigin klúbb og við tókum alltaf spjall saman þegar við hittumst. Blessuð sé minning hennar.



Drifa Skúladóttir og Laufey B. Hannesdóttir.

Kristjana Björnsdóttir frá Austurlandsklúbba var fundarstjóri að þessu sinni. Kristjana er ein þeirra systur sem aldrei lætur sig vanta þótt um langan veg sé að fara og hún fór auðvitað á kostum eins og vænta mátti því hún er svo mikill skörungur og skemmtileg kona. Nú var gengið til dagskrár og var byrjað á sendifulltrúafundinum í Vín í sumar. Það sem var skemmtilegast frá sendifulltrúafundinum og Evrópuráðstefnunni í Vín sl. sumar var að systur sýndu myndir frá atburðum sem sannarlega sögðu meira en mörg orð og þær létu myndirnar tala en frásagnir þeirra voru í síðustu Fregnum.

Sigríður Þórarinsdóttir forseti hafði nú framsöguverind. Hún minntist á að í fyrra unnum við SVÖT greiningar-



Hvað skyldu þær vera að gera?

vinnu með það í huga að vinna slíkt í klúbbunum. Nú var röðin komin að því að vinna greiningarvinnu fyrir landssambandið. Okkur var skipt í fimm hópa og hver hópur svaraði ákveðnum spurningum t.d. hverjar eru væntingar okkar til landssambandsins, hvers væntum við af embættismönnum landssambandsins, hvert er hlutverk embættismanna klúbba gagnvart landssambandinu svo ég nefni aðeins örfáar spurningar sem við unnum með. Þegar hóparnir höfðu unnið saman þá kynnti hver hópur sínar niðurstöður og þeim var um leið safnað saman á „power point“ glæsur.

Tíminn leið hratt og það var komið hádegishlé áður en við vissum af. Þá brettu systur upp ermar og fóru að selja alls kyns varning og þar var ýmislegt sem þær hafa búið til sjálfar.

Eftir hádegislaust var margt áhugavert á dagskrá m.a. frásögn um friðarmarabonið í Rúanda og kynning á friðar-

verkefnum, sem unnin voru af ýmsum klúbbum Evrópusambandsins. Hildur Hálfðanardóttir sagði frá verkefni úr Friðarverkefnabókinni sem þýskur klúbbur skrifaði um, en í bókinni eiga jafnframt þrjár íslenskir klúbbar frásagnir af verkefnum. Ég hafði ekki tækifæri til að skoða bókina en ég er viss um að það er áhugavert fyrir alla klúbba að eiga eintak af henni.

Hildur Hálfðanardóttir tók aftur til máls og sýndi glæsilega úrklippubók sem hún hefur unnið og límt inn í ýmsar frásagnir sem birst hafa í blöðum um Soroptimistasamtökin í gegnum tíðina. Afhenti hún bókina arftaka sínum Kristínu Einarsdóttur í Hafnarfjarðarklúbba sem nú verður upplýsingafultrúi landssambandsins. Hildur



Brugðið á leik.

ur nefndi sérstaklega mikið framlag Reykjavíkurklúbbsins til úrklippubókarinnar sem Erla Björnsdóttir hefur haldið utan um, en það kom sér mjög vel við vinnu Hildar. Ekki einasta var Erla fyrst til að svara kalli, heldur skilaði hún mestu til Hildar sem kann henni bestu þakkir fyrir.

Áður en við vissum af var klukkan orðin þrjú og við fórum að Bifröst. Þar tók markaðsfulltrúi skólans á móti okkur í stóru og fallegu kennslurými. Hann sagði okkur sögu skólans, markmið hans og frá námsframboði. Uppbyggingin í háskólaþorpinu að Bifröst er mjög hröð og gróska einkennir alla starfsemi þar. Við fengum skoðunarferð um húsakynninn og vorum undrafljótar að skipta okkur í fimm hópa sem voru náttúrulega þeir sömu og höfðu unnið saman um morguninn en það vissu þeir Bifrastarmenn ekkert um.

Við skoðuðum okkur um undir leiðsögn og gengum um svæðið. Í Nem-

endagörðum á Bifröst búa um 400 manns í fjölskylduíbúðum, einstaklingsíbúðum og íbúðum fyrir einstæða foreldra. Íbúðirnar eru leigðar út frá skólabyrjun til skólaloka ár hvert og þar er jafnvel hægt að gera samning um heilsársleigu fyrir þá sem vilja stunda námið allt árið án þess að taka hlé yfir sumarið. Kennarar og annað starfsfólk skólans býr einnig flest í háskólaþorpinu. Við enduðum skemmtilega skoðunarferð í húsnaði kaffistofunnar þar sem okkur var boðið upp á léttvín og gos. Það var mjög áhugavert að koma að Bifröst.

Nú var smá hlé til að pússa sig upp fyrir kvöldið en síðan var snæddur hátíðarkvöldverður í Munaðarnesi eins og venja er og þar voru einnig



Heimsókn að Bifröst.

skemmtiatriði. Að þessu sinni voru systur frekar snöggar að drífa sig í húsin aftur eftir kvöldverðinn og skyldi engan undra. Það eru komnir heitir pottar við öll húsin og þeir voru óspart notaðir af systurum sem héldu áfram að syngja, spjalla og skemmta sér undir stjórnuþjörtum næturhimni.

Á sunnudagsmorgninum voru hópstjórar sem leiðbeindu embættismönnum klúbba um hlutverk sín og bentu þeim á handbækur sem eru til fyrir þá til að vinna eftir. Þetta er fastur liður og ekki vanþörf á því það eru alltaf nýir embættismenn sem eru að taka við í öllum klúbbunum á haustin.

Ég hafði mikla ánægju af Munaðarnesferðinni, ég vona að ég komist sem oftast þangað og á mér þá ósk að systur fjölmenni í Munaðarnes haustið 2006.

*Sigríður Baldursdóttir,
Soroptimistaklúbba Reykjavíkur*

Haustfundur í Munaðarnesi

30. september - 2. október 2005.

Sigríður Þórarinsdóttir forseti setti 12. haustþing Soroptimista og bauð systur velkomnar. Rúmlega 120 konur voru mættar á fundinn. Hún kvaðst vilja gera stjórnarskipti sýnilegri og bað verðandi embættismenn um að kveikja á kertum, þær:

Lilju Guðlaugsdóttur fyrir Alheimssambandið, Ingunni Sigurðardóttur fyrir Evrópusambandið, Ásgerði Kjartansdóttur fyrir landssambandið og Eddu Jóhannsdóttur fyrir fundinn.

Minnst var látinna systra, Öldu Jensdóttur Keflavíkurklúbbsi, Guðrúnar Magnúsdóttur, Seltjarnarnesklúbbsi og Sigurlaugar Barðadóttur Kópavogsklúbbsi. Sigríður forseti kveikti á kertum í virðingarskyni við minningu þeirra og bað systur að rísa úr sætum. Hildur Hálfðanardóttir og Drífa Skúladóttir lásu markmið og hvatningu.

Sigríður las ljóðið *Haustrós* eftir Kristján Hreinsson, *Skerfajfarðarskáld*. Tuttugu ár eru síðan lögð var fram til laga á landssambandsfundi um að komið yrði á nokkurs konar vínafundi þar sem systur gætu átt notalegar stundir saman. Síðan 1993 hafa haustfundirnir verið fastur liður í starfsemi landssambandsins.



Söluvarningur



Nafnalistar tilbúnir til afhendingar.



Fylgst með af áhuga.

Forseti stakk upp á Kristjönu Björnsdóttur, Austurlandsklúbbsi, sem fundarstjóra og Helgu Friðbjörnsdóttur og Helgu Sigurbjörnsdóttur, Skagafjarðarklúbbsi, sem fundarriturum. Var það samþykkt. Kristjana tók við stjórn fundarins og gengið var til dagskrár.

Sendifulltrúafundurinn í Vínarborg 6.-7. júlí 2005
Sigríður Ágústsdóttir sendifulltrúi, sagði frá erindi Monique Riviere, verðandi Evrópuforseta, um verkefni Evrópusambandsins 2005 - 2007, sem fjallar um að konur leggi grunn að friði. Hún hvetur til að Soroptimistar noti orðið "Virðing" þegar unnið er að friðarverkefnum. Í stuttu máli, virðing fyrir áþreifanlegri og óáþreifanlegri arfleifð mannkyns í víðasta skilningi. Hlúum að friði sem staðbundinni arfleifð og höfum æskuna með í ráðum. Hún telur Ísland kjörið land til þess að vinna að slíkum verkefnum.

Kristín Sjöfn Helgadóttir sendifulltrúi sýndi, ásamt Sigríði, myndir frá fundinum og sögðu þær frá ýmsu fróðlegu og

skemmtilegu sem þar gerðist.

Ingunn Sigurðardóttir, varasendifulltrúi, sýndi einnig myndir og sagði frá upplifun sinni af fundinum. Lesa má nánar um skýrslu sendifulltrúanna í Fregnum nr. 77, september 2005.

Evrópusambandsþingið í Vín.

Jóhanna Norðfjörð sagði frá ferð sinni, sem var fyrst og fremst skemmtiferð konu til að styrkja og njóta vínattu og systrapels. Einnig sagði hún frá friðarverðlaunum sem Evrópusambandið veitti í fyrsta sinn. Verðlaunahafinn er ung kona sem heitir Vera Bohle, sprengjusérfræðingur sem vinnur við að leita uppi og eyða jarðsprengjum. Áður vann hún sem fréttaritari. Sjá umfjöllun af þinginu í Fregnum nr. 77, september 2005

Friðarverkefni Austurlandsklúbbsins.

Kristjana fundarstjóri sagði frá friðarverkefni Austurlandsklúbbsins, sem er frumsamið ljóð eftir Jónbjörgu Eyjólfsdóttur og heitir Ákall. Það var samið fyrir stofnhátið þeirra. Kristjana afhenti Soroptimistasambandinu ljóðið sem lið í friðarverkefni samtakanna.

Landssambandið, framsöguerindi og hópvinna.

Sigríður forseti var með framsöguerindi um hlutverk landssambandsins.

Hún varpaði fram eftirfarandi spurningum:

- Fyrir hvað stendur landssambandið?
- Hverjar eru væntingar okkar til landssambandsins?
- Hvers væntum við af embættismönnum?
- Hvert er hlutverk embættismanna klúbba gagnvart landssambandinu?
- Á landssambandið að virka eins og sía eða á að beina öllum erindum sem berast til klúbba?
- Á landssambandið að úthluta verkefnum til klúbba?
- sameiginleg verkefni
- sértæk verkefni

Skipt var í 5 hópa, hóparnir fengu eftirfarandi spurningar til að fjalla um:

- Hvers væntum við af landssambandinu?
- Fækkun embætta svo sem sjóðanefnd og fjárhagsnefnd.
- Verkefnaval, hlutverk hverra?



Verkefnavinna.

- Hvaðan á frumkvæðið að koma vegna skýrslugerðar
 - frá landssambandinu
 - frá klúbbsi
- Skyldumæting formanna klúbbsa á landssambandsfundum?
- Ferðakostnaður greiddur af landssambandinu?

Júlia Björnsdóttir, Þóra Guðnadóttir, Laufey B. Hannesdóttir, Kristín Norðfjörð og Mjöll Flosadóttir gerðu grein fyrir niðurstöðum hópa. Stjórnin mun setjast yfir niðurstöður og vinna úr þeim.

Hádegishlé

Fríðarmararþonið í Rúanda.

Anna Þóra Bøðvarsdóttir úr Snæfellsnesklúbbsi sagði frá ferðinni og sýndi myndir. Þarna voru á ferð 17 Íslendingar. Sagði hún frá miklum hörmungum sem þessi þjóð hefur mátt þola og upplifun sinni að hlaupa mararþon á þessum stað. Skoðuð voru ýmis mannvirki, farið í heimsókn í skóla o.fl. Íslensku hlaupararnir fengu peningaverðlaun sem þeir gáfu til verkefna Soroptimista í Rúanda. Frekari fréttir frá fríðarmararþoninu eru í Fregnum nr. 77, 2005.

Fríðarverkefni

Sigríður kynnti Fríðarbókina hennar Heiðrúnar Konrad. Í henni eru fríðarverkefni sem unnin hafa verið á síðustu tveimur árum. Hún hvatti til þess að klúbbsar eignuðust bókina og notuðu hana sem hugmyndabanka. Sigríður hafði beðið nokkrar konur um að glugga í bókina og segja frá þeim verkefnum sem þeim þóttu markverðust.

Þóra K. Magnúsdóttir Snæfellsnesklúbbsi kynnti verkefni frá Icelklúbbsnum í Tyrklandi. Þær komu að alþjóðlegri list-sýningu kvenna í samstarfi við Listaháskólann í Mersin.

Jóhanna Norðfjörð Kópavogsklúbbsi kynnti verkefni frá finnska landssambandinu. Þar fengu Soroptimistar dag- og leikskóla til að vinna með sér við að finna og lesa bækur fyrir börn sem fjalla um umburðarlyndi og hafa fríðarboðskap.

Hildur Hálfðanardóttir sagði frá verkefni sem þýskur Soroptimistaklúbbsur, Bamberg Kunigunde, hefur verið að vinna að. Hann hefur styrkt sýningar í einkareknu leikhúsi í Bamberg, Chapeaux Claque, en það setur á svið leikþætti sem eru sérstaklega ætlaðir skólabörnum. Þessar leik-sýningar fjalla um vandamál eins og ofbeldi í skólanum, út-lendingahatur og kynferðislegt áreitni gegn börnum.

Mjöll Flosadóttir sagði frá verkefni Zilinaklúbbsins í Slóveníu, Bring Peace to their Hearts. Klúbbsurinn ákvað að skipuleggja sumarþúðir fyrir 40 börn á aldrinum 7-13 ára frá fjölskyldum með erfiða fjárhagsstöðu. Klúbbsystur ásamt fjölskyldum sínum og faglegum stjórnanda unnu í sumarþúðunum, sem voru staðsettar uppi í fjöllum. Þær stóðu yfir í 7 daga.

Aðalbjörg Sigurðardóttir, Austurlandsklúbbsi, sagði frá verkefni klúbbsins í máli og myndum. Hún vísaði í Fregnir en þar segir frá samskiptum Austurlandsklúbbs við Kárahnjúkakonur, sem eru frá 40 þjóðlöndum.

Önnur mál

Sigríður forseti kvaðst hafa gengið með hugarfóstrur að fríðarverkefni fyrir alla klúbbsa. Það er, að landssambandið láti prenta fríðarkort, sem klúbbsarnir fengju til sölu, sem fjárflounarleið.

Hildur Hálfðanardóttir, sem í fjölda ára hefur safnað úrklippum frá klúbbsum og starfsemi Soroptimista á Íslandi, afhenti landssambandinu úrklippusafnið í bók. Hildur hvatti konur til að láta ekki deigan síga, stuðla að betra mannlífi og láta rödd okkar hljóma. Hún lætur nú af störfum sem upplýsingafulltrúi landssambandsins.

Kristín Einarisdóttir tók við embætti upplýsingafulltrúa. Hún ræddi um verkefnið „Konur í stríðshrjáðum löndum“. Greindi hún frá því að það var íslenskur klúbbsur sem varð fyrstur til að skrifa konu frá stríðshrjáðu landi. Kristín hvatti til að hver klúbbsur skrifi einni konu og styrki hana fjárhagslega.

Sigríður Sveinsdóttir þakkaði fyrir sig en hún er að láta af störfum sem umsjónarmaður nafnalista. Sigríður kom með hugmynd um að sameina myndalista og nafnalista.

Kristín Sjöfn stakk upp á að fá fríðarljóðið Ákall þýtt yfir á ensku og leggja það svo fram sem fríðarverkefni til alþjóðasamtakanna.

Kristín sagði frá ferð sinni til Múnsterlands West í Þýskalandi þar sem hún vígði nýjan Soroptimistaklúbbs. Hún sagði það hafa verið stærstu stund hennar sem Soroptimisti.

Ásta Björt Thoroddsen í Bakka- og Seljaklúbbsi skýrði frá því að klúbbsurinn verður 25 ára í október n.k. Á þessum árum hafa klúbbsystur safnað í 3 möppur fréttum af Soroptimistaklúbbsum. Sagði þetta dýrgripur sem þær eiga en bauð safnið til ljósritunar.

Um kl 14:30 sleit forseti fundi og þakkaði fundarstjóra, riturum og öllum þeim er lagt höfðu hönd á plóg fyrir þeirra störf.

Um kl. 15:00 var allur hópurinn mættur að Viðskiptaháskólanum að Bifröst þar sem tekið var á móti okkur með glæsibrag. Við fengum fyrirlestur um starfsemi og uppbyggingu skólans. Á eftir var svo gengið um skólasvæðið úti og inni í fylgd leiðsögumanna. Að lokum var móttaka á barnum.

Um kvöldið var sameiginlegur kvöldverður og um skemmtiatriði sáu Snæfellsnessystur. Sigríður forseti bað Skagafjarðarsystur að sjá um skemmtiatriði að ári og svo klúbbsana hvern af öðrum í öfugri stafrófsröð.

Helga Friðbjörnsdóttir og Helga Sigurbjörnsdóttir Soroptimistaklúbbsi Skagafjarðar



TM Software

Viðskiptahugbúnaður í sérflokk



Vigor Viðskiptahugbúnaður er samnefni yfir hóp viðskiptakerfa sem er framleitt af TM Software. Kerfin eru í notkun hjá nokkrum af stærstu fyrirtækjum landsins.

Vigor Viðskiptahugbúnaður ber vitni um öfluga hugbúnaðarframleiðslu á Íslandi

Friðarkona frá Afríku

Af þeirri ástæðu að fremur lítið var fjallað um friðarverðlaunahafa Nóbels 2004, doktor Wangari Maathai, í íslenskum fjölmiðlum, viljum við bæta úr því og segja frá henni í nokkrum orðum á okkar vettvangi. Það er einnig okkar skoðun að málstaðurinn sem Wangari barðist fyrir á sinn einstaka hátt falli mjög vel að markmiðum Soroptimista-hreyfingarinnar og að hún sé öllum konum um allan heim holl fyrirmynd.

Wangari Maathai fæddist í Kenýa árið 1940 og ólst upp í suðurhluta landsins. Nafnið hennar, Wangari, merkir hlébarði. Hún fékk tækifæri til að fara í framhaldsskóla, en það var mjög sjaldgæft fyrir stúlkur á þeim tíma í Kenýa. Kapólskar nunnur tóku eftir því að hún var vel gefin og fékk hún síðar tækifæri til að mennta sig í Bandaríkjunum, lauk þar bachelor (B.A.) og mastersgráðu (M.A.) og vann síðan heima í Kenýa sem líffræðingur. Við háskólann í Nairobi aðstoðaði hún þýskan prófessor við að byggja upp dýralækninga- og rannsóknardeild í þeim fræðum. Prófessorinn útvegaði Wangari líka námsstyrk og dvaldi hún tvö ár við nám í Þýskalandi, frá 1967-69, til þess að öðlast meiri þekkingu og reynslu á sviði náttúruvísinda.

Wangari segir í viðtali, sem var tekið í ágúst 2005, að námið í Þýskalandi hafi breytt lífi sínu. Þýsk samstarfsskona sagði henni frá eftirstriðsárunum í Þýskalandi með þeim orðum að fjöldi karlmanna hefði fallið í stríðinu og að konurnar þurftu að komast af aleinar, vinna mikið og taka sjálfstæðar ákvarðarnir. Með þolinmæði og þrautseigju komust þær áfram, lærðu að standa á eigin fótum og huga að sínum málum.

Árið 1971 tók Wangari doktorspróf sem fyrsta konan í Austur-Afríku. Hún fékk stöðu við háskólann í Nairobi. Eftir að hún hafði reynt að hjálpa eiginmanni sínum í pólitískri baráttu hans, sá hún hvað var að í Kenýa. „Kenýa er eða var frjósamt land, en landið er að þorna upp vegna rányrkju og skógarhöggs. Börn voru vannærð af því að mæður þeirra höfðu ekki timbur til að elda mat. Mín pólitík er að rækta tré. Tré gefa skugga og þar geta líka aðrar plöntur dafnað. Þegar tekist hefur að fósra upp nógu mörg tré er sigur unninn.”

Í kjölfarið kom Wangari af stað stórkostlegri baráttu fyrir þá sem verst voru settir í Afríku, fátækar konur. Frumkvöðlastar hennar sem umhverfisumbótasinna hófst eftir að hún plantaði nokkrum trjám í garðinum sínum. Það varð vísirinn að því að árið 1977 stofnaði hún hreyfingu, í fyrstu fyrir konur, undir nafninu „Græna beltið” (Green Belt Movement). Hreyfingin óx hratt af því að Wangari stjórnaði henni sjálf og fékk fátækar konur í dreifbýlinu í lið með sér. Fólkið í sveitunum skildi vandamálið. Konurnar vinna þar 90% vinnunnar, bæði úti á ökrunum, við að safna eldiviði og að sækja vatnið.

Á árinu 1988 hafði Wangari þegar tekist að virkja um 20.000 konur. Fimm milljónir trjáa höfðu verið gróðursett undir því markmiði að draga úr landrofi og rányrkju og um leið að fá hentugan við til eldsneytis. Þessi áhrifamikla baráttuaðferð hennar, að virkja konur til að planta trjám, hefur verið tekin upp í öðrum löndum.

Til þess að skilja aðeins betur hvað þessi gríðalega skógrækt krafðist mikils af fólkinu er fróðlegt að heyra hvernig

Wangari kenndi konunum. Hún sýndi þeim hvernig þær gátu „fósrað” hverja plöntu með flösku af vatni sem var þannig útbúin að það rann úr henni í dropatali og svo þurfti reglulega að fylla á hana. Alls staðar þar sem Wangari kom kenndi hún: „Án trjáanna hverfa árnar, grunnvatnið lækkar, moldin skemmist og þegar loks kemur rigning, skolast síðasta frjóa moldin í burtu.” Hún hvatti fólkið stöðugt til að fara af stað og grafa holu og gróðursetja tré. Allt annað eru bara orðin tóm.

Hún sagði sjálf frá því í viðtali hjá BBC að þessi trjáplöntun hefði alls ekki verið vinsæl í byrjun. „Það tók mig marga daga og margar nætur að sannfæra fólk um að konur gætu haft áhrif á umhverfi sitt án þess að þurfa mikla tækni eða mikið fjármagn.”

Hreyfingin Græna beltið varð að baráttu fyrir menntun, fæðuöflun og öðrum mikilvægum málefnum kvenna. Í reglum hreyfingarinnar segir að Græna beltis skógar þurfi minnst að hafa 1000 tré. Þannig skógar eru núna að vaxa hjá meira en 1000 skólum og við fleiri þúsund bóndabýli. Konurnar planta líka stökum trjám þar sem baunir, mais og cassava eru ræktuð. Þannig voru trén nýtt áður fyrr sem sólarvörn fyrir akrana í Afríku. Markmiðið er að endurheimta sinn náttúrulega auð. Þó að ekki takist að gera eyðimörkina alla frjósama vill hún koma í veg fyrir áframhaldandi eyðileggingu landsins. Konur og börn eru helstu stoðirnar í hreyfingunni Græna beltið. „Vinna í þágu umhverfisverndar er eins og vinna í þágu friðar, því vatn, gróðurmold og land til ræktunar er af skornum skammti.”

Ekki hefur Wangari Maathai alltaf haft árangur sem erfiði. Hún hefur nokkrum sinnum verið handtekin vegna baráttunnar gegn arðráni í landinu, verið lamin og lítilsvirt og þegar hún sóttist eftir framboði til forseta landsins, 1997, fékk hún neitun frá kosningaráðinu án frekari skýringa.

Wangari á þrjú börn, en er fráskilin og er haft eftir fyrrverandi eiginmanni hennar að „hún sé of menntuð, of sterk, of stolt og of þver!” Wangari Maathai er fyrsta konan frá Afríku sem er heiðruð með friðarverðlaunum Nobels. „She thinks globally and acts locally” var vitnisburður stjórnar Nobelsverðlaunanna til hennar.

Heimildir:

BBC - vefsíða, 25.10.2005 (sjá neðar)

Brigitte, nr. 13, 1988

DAAD LETTER, nr. 3, 2004

DAAD LETTER, nr. 2, 2005

Nokkrar vefsíður um Wangari Maathai og Græna beltið:

Vefsíða Wangari Muta Maathai

<http://www.wangarimaathai.or.ke/>

Vefsíða hreyfingar Wangari Maathai: Græna beltið
www.greenbeltmovement.org/biographies.php

Fréttasíða BBC, frásögn af Wangari Maathai

<http://news.bbc.co.uk/1/hi/world/africa/3726084.stm>

Á þessari síðu er sagt frá friðarverðlaunum Nobels og fjallað um Wangari Muta Maathai

<http://nobelprize.org/peace/laureates/2004/>

Hilrud Hildur Guðmundsdóttir og Þórunn Erla Sighvats Soroptimistaklúbbi Akraness

Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Keflavíkur

Minning



Halldóra Thorlacius
fædd 8. september 1918
dáin 22. október 2005



„Sýnum drenglyndi og verum einlæggar í vináttu“

Halldóra Thorlacius, systir okkar í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur, er nú farin í ferðina löngu.

Hún var stofnfélagi í Soroptimistaklúbbi Suðurnesja árið 1979 og gegndi mörgum trúnaðarstörfum í klúbbum, m.a. embætti formanns. Halldóra var ósérhlífinn félagsmaður og hvatti aðra til dáða á jákvæðan hátt sem kom sér vel þegar eitthvað stóð til.

Eftir að Soroptimistaklúbbur Suðurnesja var lagður niður flutti Halldóra sig, ásamt fleiri systurum, yfir til Soroptimistaklúbbs Keflavíkur, því það að vera Soroptimisti var hennar lífsstíll. Síðustu árin var Halldóra heiðursfélagi klúbbsins.

Halldóra var mikil heimskona og lifði lífinu lifandi með það að leiðarljósi að njóta þess. Við minnumst hennar á fundum þar sem hún mætti ævinlega í sínu finasta þússi, tilbúin að hafa skoðanir á mönnum og málefnum. Hún naut sín vel á haustfundum í Munaðarnesi og landssambandsfundum samtakanna. Einnig sótti hún þing og ráðstefnur á vegum Soroptimista erlendis og deildi síðan reynslu sinni og upplifun með okkur sem heima vorum. Var henni þá efst í huga vináttan og kynni hennar við konur af öðru þjóðerni. Halldóra mætti á fundinn í september glöð að vanda og er yndislegt að hafa átt þessa stund með henni. Klúbbsystur geyma minningu um sanna bjartsýnis-systur.

*Þín er ljúft að mega minnst
mikið gott var þér að kynnast
og gaman var að fá að finnst
og festa vináttunnar bönd
og við tókumst hönd í hönd.
(Höf.: GJ)*

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur

Kveðja frá Soroptimistaklúbbi Seltjarnarness

Minning



Guðrún Magnúsdóttir
cand. mag.
fædd 8. febrúar 1934
dáin 14. ágúst 2005



Guðrún Magnúsdóttir var meðal stofnenda Soroptimistaklúbbs Seltjarnarness fyrir næstum þrjátíu árum. Við fráfall hennar viljum við minnst klúbbsystur okkar í nokkrum orðum.

Guðrún var einstaklega ljúf og þrúð kona með hlýlega og góða nærveru, en um leið hrein og bein í samskiptum og lét hún skoðun sína óhikað í ljós ef henni þótti ástæða til. Á orð Guðrúnar var ætíð hlustað, enda duldist það engum að þar fór skarpgreind og víðlesin kona. Ætíð var gott að leita til hennar eftir ráðum um úrlausnir hinna ýmsu verkefna því að legði hún til málanna var næsta öruggt að niðurstaðan yrði góð.

Ómetanlegt var fyrir okkur í klúbbstarfinu að hafa í okkar hópi konu með svo mikla þekkingu á íslenskr tungu og menningu.

Guðrún gegndi ýmsum trúnaðarstörfum, bæði innan klúbbs og hjá landssambandi Soroptimista. Áhugi hennar beindist mjög að uppgræðslu- og umhverfismálum og naut klúbburinn góðs af því í starfi á þeim vettvangi.

Störf hennar og Björns eiginmanns hennar að skógrækt eru landsfræg og margverðlaunuð. Á Sólheimum í Landbroti, æskuheimili Guðrúnar, áttu þau hjón sitt sumaróðal og þar sést árangur ótalinnna vinnustunda í ótrúlega gróskumiklu skóglendi.

Klúbbsystur minnst Guðrúnar með söknuði og virðingu og senda eiginmanni hennar og börnum samúðarkveðjur. Við kveðjum Guðrúnu Magnúsdóttur með ljóðlinum Guðrúnar Jóhannsdóttur frá Brautarholti:

*Ég kveð þig, hugann heillar minning blíð
hjartans þakkir fyrir liðna tíð
lifðu sæl á ljóssins friðarströnd,
leiði sjálfur Drottinn þig við hönd.*

Soroptimistaklúbbur Seltjarnarness

Kveðja frá Soroptimistaklúbbsi Kópavogs

Minning



Sigurlaug Barðadóttir
fædd 20. maí 1931
dáin 13. september 2005



*Hver minning er dýrmæt perla
að liðnum lífsins degi.
Hin ljúfu og hljóðu kynni
af alhug þökkum vér.
Þinn kærleikur í verki var gjöf
sem gleymist eigi
og gæfa var það öllum
sem fengu að kynnast þér.*

Sigurlaug Barðadóttir, Sissa, var ein af stofnfélögum Soroptimistaklúbbs Kópavogs fyrir 30 árum. Öll þessi ár hefur hún starfað í klúbbsnum og gegnt fjölmörgum

trúnaðarstörfum innan klúbbsins. Hún var m.a. formaður, varaformaður, ritari, meðstjórnandi og endurskoðandi. Einnig gegndi hún embættum innan landsambandsins.

Sigurlaug fæddist á Siglufirði 20. maí 1931 og lést á líknardeild Landakotsspítala 13. september sl. Hún var bankadeildarstjóri í Sparisjóði Kópavogs yfir 30 ár eða þar til hún hætti störfum vegna aldurs. Við minnumst allra góðu stundanna þar sem hún var með okkur. Margs er að minnst. Allar sumarþustaða-, gróðursetninga- og utanlandsferðirnar, aldrei lét hún sig vanta, hrókur alls fagnaðar.

Sissa hefur barist í nokkur ár við veikindi sín af fádæma æðruleysi. Alltaf hélt hún reisin sinni og glæsi-leika. Hlý og gefandi til hinstu stundar. Eftir sitjum við með sorg og söknuð í hjarta. En við eigum góðar minningar um Sissu sem enginn getur tekið frá okkur. Minningarnar um hana eru perlur sem við geymum innst í hjörtum okkar.

Systur í Kópavogsklúbbsi

OKTÓBER

1. okt. Nýtt fjárhagsár hefst.
Nýir embættismenn taka við embættum.
Gjaldkeri landssambandsins sendir greiðsluseðla út til klúbba.
15. okt. Eindagi greina í Link.

NÓVEMBER

1. nóv. Gjaldldagi helmings félagsgjalda. Greiða þarf áskriftargjald Link og Soropt. International.
1. nóv. Eindagi á skýrslum verkefnastjóra klúbba til verkefnastjóra landssambandsins og skýrslum formanna til forseta. Skýrslurnar ná yfir tímabilið 1. okt. 2004 til 30. sept. 2005.
10. nóv. Eindagi greina í Fregnir v/ des. blaðs

DESEMBER

1. des. Umsóknir um skólastyrki berist skólastyrkjanevnd SI/Í.
10. des. Soroptimistadagurinn (Mannréttindadagur Sameinuðu þjóðanna)
„Soroptimistar ráðast gegn malaríu“ Styrkur til malaríubólusetninga á börnum og þunguðum konum í Zé í Benin.

JANÚAR

15. jan. Framboð til Evrópusambandsins.
15. jan. Greinar og myndir sem birtast eiga í Link verða að hafa borist ritstjóra Link.
• Gjaldkeri landssambandsins sendir greiðsluseðla út til klúbba.
30. jan. Eindagi á framboðum í embætti hjá landssambandinu.

FEBRÚAR

1. feb. Gjaldldagi seinni hluta félagsgjalda.
15. feb. Skil á skýrslum í Fregnir vegna landssambandsfundar. Eindagi greina í Fregnir.
28. feb. Athugasemdir og breytingar á fjárhagsáætlun og mál frá fulltrúum sem leggja á fyrir landssambandsfund þurfa að berast ritara landssambandsins.

MARS

2. mars. Umsóknir í Action Fund til SI/E
25. mars. Fundarboð landssambandsfundar, sem haldinn verður
29. apríl í Keflavík sent út. Stjórnir klúbba og fulltrúar kynni sér gögnin vandlega í Fregnum.

APRÍL

15. apr. Greinar og myndir sem birtast eiga í Link verða að hafa borist ritstjóra Link.
29. apr. landssambandsfundur á Keflavík.
* Eftir aðalfund skal senda upplýsingar um hverjir verði embættismenn klúbbs næsta starfsár til umsjónarmanns nafnalista. Í síðasta lagi 30. apríl.

MAÍ

14. maí Friðarhlaup í Rwanda.

JÚNÍ

16.-18. júní. Norrænir vinadagar í Vaasa í Finnlandi.
• Félagsgjöld miðast við fjölda félaga 30. júní. Úrsögn og upplýsingar um fjölda félaga þurfa að berast umsjónarmanni nafnalista fyrir 30. júní.

ÁGÚST

15. ág. Eindagi greina og mynda í Fregnir vegna septembersblaðs.

SEPTEMBER

- Embættismenn sem láta af störfum gangi frá möppum sínum og afhendi eftirmönnum gögn sín á stjórnarskiptafundi.
- Formenn gangi frá dagskrá vetrarins og sendi á klubbar@soroptimist.is.
- Allar breytingar á félagatali, svo sem breytt símanúmer, þurfa að berast umsjónarmanni nafnalista í síðasta lagi 15. sept.

OKTÓBER

Haustfundurinn í Munaðarnesi 6. - 8. október 2006

X-konurnar í ævintýrasiglingu

Það voru fimm X-konur sem lögðu upp í ævintýraferð 15. apríl í vor. Ferðin var skipulögð af Heimsferðum, en fararstjóri var Valgerður Hauksdóttir, sem átti alltaf svör við öllum spurningum og var óþreytandi við að gera ferð okkar skemmtilega og þægilega. Hélt hún fundi með hópnum og kynnti ferðir og sögu þeirra staða, sem við heimsóttum hverju sinni. Flogið var til Orlando og þaðan ferðast í rútu til Fort Lauderdale. Eftir að hafa hvílast í tvær nætur á mjög góðu hóteli (kíktum aðeins í búðir), var farið um borð í glæsifleytuna Costa Mediterrania. Við komuna um borð tóku á móti okkur borðalagðir skipverjar sem vísuðu okkur á klefana, sem áttu eftir að verða vistarverur okkar næstu 17 sólarhringa, en þeir voru mjög rúmgóðir með svölum. Til að þjóna 2600 farþegum er 920 manna áhöfn. Einkabjónn okkar í farþegaklefunum kom með farangurinn og fékk okkur kort, sem var bæði lykill að klefanum og greiðslukort fyrir öllu því sem keypt var um borð, en jafnframt aðgangskort frá og að borði þegar farið var frá skipinu í land. Við bjuggum á 6. hæð um miðbik skipsins. Skipið er 86000 tonn, 292 m langt, 32 m breitt, 60 m hátt og 12 hæðir.

Við byrjuðum á að fara í skoðunarferð um skipið. Það var engu líkara en við værum komnar í ítalskar glæsihallir 16. og 17. aldar. Við okkur blöstu fögur listaverk og mikilfenglegar skreytingar í slíkri litadýrð að við fengum ofbirtu í augun. Af mörgum salarkynnum var aðalsalurinn um miðbik skipsins, sem náði þar frá neðsta gólfi til himinhæða, sá allra glæsilegasti, himinhár með glerhvolfpaki sem stjórnur himinsins skreyttu. Glerlyftur liðu þar upp og niður og fluttu farþega milli hæða. Var mikilfengleg sjón að virða fyrir sér alla dýrðina sem við blasti þegar svifið var milli hæða.

Daglega var gefið út fréttablað fyrir farþegana, með upplýsingum um hvað var að gerast víðs vegar um borð í skipinu og auglýstar voru margar spennandi skoðunarferðir um eyjar og landsvæði, þar sem lagst var að bryggju hverju sinni. Fjölbreyttar skemmtanir og afþreyingar voru í boði allan daginn fram á kvöld. Á skipinu var m.a. líkamsræktarstöð, snyrtistofur, sundlaugar og gufuböð, danskennsla og hópleikfimi, svo ekki sé nú minnst á listaverkauppboð, spilavíti og næturklúbba. Bæði bókasafn og netþjónusta var til staðar fyrir farþega. Verslanir voru freistandi en þar fékkst flest sem hugurinn gírnist. Heimsfrægt listafólk skemmti okkur á hverju kvöldi í hinu undurfagra egyptska leikhúsi OSIRIS, sem staðsett var fremst í skipinu á þremur hæðum.

Aðalmatsalurinn var neðarlega í skipinu á tveimur hæðum þar sem frísklegir þjónar, flestir frá Filippseyjum, gengu um beina og boðið var upp á fjögurra rétta máltíð á hverju kvöldi. Allir áttu sitt fasta sæti í matsalnum og þjónuðu sömu þjónarnir okkur á hverju kvöldi. Hægt var að velja milli fjögurra eða fimm mismunandi rétta hvort heldur var um forrétt, aðalrétt eða aðra rétti að ræða. Farþegar skörtuðu sínu finasta pússi þegar matast var í þessum sal. Á 9. hæð var einnig boðið upp á listilega skreyttan mat frá öllum heimshornum og hægt að matast þar hvenær sem var. Skyndibitastaðir voru við sundlaugarnar og hægt að fá

sér hressingu og skreppa á barinn þegar þorstinn svarf að. Enginn þurfti að ganga svangur til hvílu þar sem einnig var boðið upp á miðnæturhlaðborð. Ávextir urðu að fagurlega skreyttum blómakörfum eða blómum í vasa og ostar, vatnsmelónur og stærðar klakastykki breyttust í margbreytilegar höggmyndir. Sannkölluð listaverk. Listakokkarnir, sem flestir voru ítalskir, fengu þarna greinilega útrás fyrir listsköpun sína og sameinuðu listina matargerðinni.

Sigt var frá Fort Lauderdale til Key West. Þar skoðuðum við stórkostlegt skeljasafn og fórum í sögulegt safn þar sem sagt er frá skipum sem strönduðu við Key West, en skipsrekar gerðu íbúana mjög auðuga. Sjóræningjar notfærðu sér tíða skipsreka og komu upp villiljóssum meðfram ströndinni sem villtu um fyrir skipum, sem leiddu til þess að ennþá fleiri skip strönduðu og urðu ræningjunum að bráð.

Þá hófst siglingin um Karíbahafið. Fyrst var lagst að bryggju í San Juan á Puerto Rico, síðan í St. Thomas, Martinique og Barbados. Farið var í skoðunarferðir um eyjarnar og var landslag og saga þeirra mjög fjölbreytileg. Frá Puerto Rico er minnstæðust ferð í virkið El Morro frá 16. öld sem við skoðuðum í grenjandi rigningu.

Mikil náttúrufegurð er í St. Thomas þar sem við ókum í fögru veðri upp í 1547 feta hæð í hitabeltisgróðri og fengum stórkostlegt útsýni yfir Magen's Bay Beach sem talin er ein af fegurstu baðströndum heims. Þarna sást til Jómfrúareyjaklasans í fjarska sem samanstendur af meira en 20 eyjum. Í St. Thomas var freistandi að kaupa fallega hluti þar sem allur varningur er þar tollfrjál.

Á Martinique gnæfði eldfjallið Mt. Pele við himin, en það gaus síðast 1902 þar sem um 30.000 manns fórust í bænum St. Pierre sem gjöreyðilagðist. Í nýja heiminum var St. Pierre þekkt undir nafninu „Paris vestur Indía“ og var hún mikil menningarborg. Ekið var í gegnum regnskóga og við blasti útsýni yfir geysistöfra höfnina „Fort de France“.

Á Barbados fórum við í Harrison's Caves sem eru magnaðir dropasteinskalkhellar með ótrúlegustu höggmyndamyndum og vatnsföllum. Ekið var um hellana í litlum járnbrautarvögnum sem gengu á þar til gerðum teinum og tók ferðin 1 1/2 klst.

Karíbahafið var yfirgefið og við tók 5 sólarhringa sigling þvert yfir Atlantshafið. Við nutum lystisemda lífsins um borð og höfðum nú tíma til að slappa af og njóta góða veðursins og urðum við brúnar og sællegar.

Föstudaginn 29. apríl var lagst að bryggju í Santa Cruz á Tenerife. Farið var í skoðunarferð um norðurhluta eyjarnar og ekið á mjóum hlykkjóttum vegi upp í 1000 m hæð Las Mercedes. Við blasti mikil náttúrufegurð og sáum við til eldfjallsins Teide sem er 3.600 m hátt og nutum útsýnis yfir stórkostlega fallett fjallaland. Komið var við í undurfögurum grasagarði með fjölbreyttum og framandi gróðri. Að lokum var gengið um götur í Santa Cruz.



Þjónarnir færðu Margréti tertu á afmælisdegi hennar.

Sigt var um Atlantshafið til Gíbraltar. Farið var í skoðunarferð upp á 425 m háan klettinn og horft yfir til Afríku-stranda í suðri, blátt Miðjarðarhafið í austri, meginland Spánar í norðri og hafnarborgina Gíbraltar í vestri. Farið var í St. Michael's Cave sem er ofboðslega fallegur og lit-skrúðugur dropasteinshellir. Í seinni heimsstyrjöldinni var útbúið sjúkrahús í hellinum en aldrei kom til að þyrfti að nota það. Nú er stærsta hvelfingin notuð sem tónleikasalur.

Því næst var geysistört virki skoðað, sem grafið er inn í klettinn, en vinna við það hófst árið 1782 og var ári seinna orðið 185 m langt með ýmsum vistarverum svo sem fangelsi. Á því voru 6 skotraufir fyrir fallbyssur til að verja siglingarleiðina um Gíbraltarsund og hugsanlega innrás



Í leikhúsinu; Þorbjörg, Sísí, Jóhanna, Margrét og Hildur.

frá Spáni. Í seinni heimstyrjöldinni var unnið enn fremur að stækkun virkisins og bætt við fallbyssum. Vegir innan virkisins eru tæplega 50 km að lengd. Er þarna um ofboðslegt mannvirki að ræða.

Er þá komið að sögulokum en frá Gíbraltar var siglt um Miðjarðarhafið til Savona á Ítalíu sem er heimahöfn Costa-skipanna. Lagst var að bryggju í Savona að morgni 3. maí og ekið þaðan um frönsku Rívíeruna með rútu til Nice. Þaðan flugum við heim með millilendingu í London og lauk þar með þessari ævintýraferð sem lengi verður í minnum höfð.

Þorbjörg og Hildur.

Jóla kort Soroptimistaklúbbs Kópavogs


Soroptimistaklúbbur Kópavogs gefur út jóla kort í ár, eins og undanfarin ár og merkispjöld á jólapakka með sömu mynd. Jónína Magnúsdóttir (Ninný) hannaði kortið, en hún er ein af klúbbsystrunum.

Jóla kortin hafa verið aðaluppistaða í tekjuöflun klúbbsins, sem hefur frá upphafi stutt byggingu hjúkrunarheimilsins Sunnuhlíðar í Kópavogi. Í tilefni af 30 ára afmæli klúbbsins í sumar var fimm sambýlum fatlaðra í Kópavogi fært að gjöf DVD spilarar og heimabíó að verðmæti rúml. kr. 100.000,- á hvert heimili. Einnig má geta þess að klúbburinn greiðir hluta af launum hjúkrunarfræðings við MK, sem starfar m.a. að forvarnarstarfi í þágu ungs fólks í Kópavogi. Klúbburinn styrkir til náms tvö börn í héraðinu Tamil Nadu á Indlandi og styður einnig ýmis önnur mannúðarmál innanlands og sameiginleg verkefni Soroptimista erlendis.

Kortin eru afgreidd í stykkjatali og kostar hvert kort kr. 100,-. Einnig eru 5 stk. saman í pakka og kostar pakkinn kr. 500,-. Jólapakkaspjöldin kosta kr. 100,- og eru 5 stk. saman í pakka.

Fyrirtækjum er bent á að hægt er að fá merki (lógó) fyrirtækis prentað inn á kortin.

Soroptimistakonur sjá um sölu og dreifingu kortanna. Hildur tekur á mótí pöntunum, sími: 554 0926, Guðrún, sími: 564 1409 og Ninný, sími: 565 9099.



Jónína Magnúsdóttir (Ninný) hannaði kortið.

Hrekkjavaka á Snæfellsnesi

Stjórnarfundur í Soroptimistaklúbbsi Snæfellsness var haldinn heima hjá formanni klúbbsins Kay Wiggs þann 30. október sl. Formaður bauð til hrekkjavökuveislu að bandarískum sið. Hrekkjavaka er haldin í Bandaríkjunum ár hvert 31. október þar sem sumarið og birtan eru kvödd og tekið er á móti kulda og myrkri. Formaður bauð upp á veitingar og hver kona fékk gjöf áður en haldið var heim að loknum góðum fundi.



Kay og Anna Þóra



Jólafundur Snæfellsnessklúbbsins verður að þessu sinni þakkargjörðarhátíð sem haldin verður heima hjá fráfarandi formanni klúbbsins, Kristínu Gilsfjörð, 25. nóvember næstkomandi. Á jólafundi gerum við ýmislegt okkur til skemmtunar, við lesum jólasögur, opnum jólapakka og borðum góðan mat í boði stjórnar, að þessu sinni verður kalkúnn í tilefni af þakkargjörðarhátíðinni. Eins og sjá má er bandarískt þema hjá okkur þetta árið enda er formaður klúbbsins Kay Wiggs frá Norður-Karólínu í Bandaríkjunum.

Friðardúkkur Mosó - Holland - Mosó

Eins og ykkur mun kunnugt tók Soroptimistaklúbbur Mosfellssveitar þátt í friðarverkefninu "Peacedolls from around the World" í samvinnu við klúbbinn í Apeldoorn í Hollandi. Dúkkurnar okkar voru til sýnis í ráðstefnuhöllinni CODA í Apeldoorn í sumar. Þar voru sýndar dúkkur allsstaðar að úr heiminum og var gaman að sjá hve mismunandi þær voru og hver og ein hafði sinn „persónuleika“. Við sendum 31 dúkku út og voru þær ýmist seldar á „vefnum“, boðnar upp á ráðstefnunni í Vín, nokkrar voru boðnar upp á golfmótið „Ladies Dutch Open“ og aðrar voru sendar til barna í Zurinam.

Verkefnið var skemmtilegt og tilgangurinn góður. Samvinnan við systurnar í Apeldoorn var frábær og leiðir hugann að því að efla samvinnu klúbba - ekki aðeins innanlands,



heldur einnig utanlands. Við komumst að þeirri niðurstöðu að árangursríkara væri að hafa samvinnu með Apeldoornklúbbnum í þessu verkefni, því það stytta leiðina að markmiðinu. Þær voru með góð sambönd og við nutum góðs af því. Okkar dúkkur og þeir peningar sem inn komu, komust fyrir á leiðarenda til þeirra sem þörfuðust hjálpar. Mér datt í hug að bjóða í tvær dúkkur á netinu og var svo heppin að fá þær þar sem enginn bauð á móti. Um var að ræða dúkkur sem voru unnar af systur í Mosfellssveitarklúbbnum, Láru Dröfn. Þegar verkefninu var lokið, fékk ég dúkkurnar sendar og

eru þær nú komnar aftur heim, eftir mikið ferðalag í þágu friðar. Á annarri myndinni sem fylgir hér með, má sjá systur í Mosfellssveit með dúkkurnar sem sendar voru út. Myndin er tekin á fundi í Hlégarði, þegar við höfðum lagt síðustu hönd á frágang og merkingar á dúkkunum. Á hinni myndinni eru dúkkurnar sem ég keypti á uppboðsvef Apeldoorn klúbbsins. Þær eru komnar heim og hljóta heiðursess eins og góðum sendiherrum Soroptimista sæmir.

*Með systrakveðju,
Guðrún Snæbjörnsdóttir, formaður
Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar*



Fréttir úr Mosó

Þrátt fyrir kulda og trekk, ganga systur í Mosfellssveitarklúbbnum til vetrarstarfsins með sól í sinni. Á fyrsta fundi vetrarins í september, gengu sex nýjar systur inn í klúbbinn. Á þeim fundi fóru einnig fram stjórnarskipti. Þessi fyrsti fundur vetrarins var haldinn í heimahúsi og að loknum formlegum fundarstörfum var sest að veisluborði, þar sem hin hefðbundna „holusteik“ (lambalæri með öllu!) var á borðum og „önnur mál“ tekin fyrir og afgreidd á sinn hátt, eins og vera ber á fundum í góðra systra hópi.

Systur í Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar senda bestu kveðjur til systra í öllum klúbbum og óskum þeim velfarnaðar í öllum þeirra góðu störfum.

Ég rakst á eftirfarandi gullkorn í tímaritinu Heilbrigðismál og datt í hug að senda þetta til ykkar:

GEÐORÐIN 10

1. Hugsaðu jákvætt, það er léttara.
2. Hlúðu að því sem þér þykir vænt um.
3. Haltu áfram að læra svo lengi sem þú lifir.
4. Lærðu af mistökum þínum.
5. Hreyfðu þig daglega, það léttir lundina.
6. Flæktu ekki líf þitt að óþörfu.
7. Reyndu að skilja og hvetja aðra í kringum þig.
8. Gefstu ekki upp, velgengni í lífinu er kapphlaup.
9. Finndu og ræktaðu hæfileika þína.
10. Settu þér markmið og láttu drauma þína rætast.



Á myndinni eru, talið frá vinstri: Inga Elin Kristinsdóttir, fráfarandi formaður, Jarþrúður Jónasdóttir, rekstrarfræðingur og svæðameðferðaraðili, Jóhanna Gunnlaugsdóttir, verslunarstjóri, Erna Valdimarsdóttir, starfsmaður á leikskóla, Ingibjörg Ívarsdóttir, leikskólakennari, Ása Bryngeirsdóttir, dagmóðir og Sigrún M. Arnardóttir, launafulltrúi.

Við bjóðum þessar nýju systur okkar velkomnar og hlökkum til samstarfsins.

*Með systrakveðju,
Guðrún Snæbjörnsdóttir, formaður
Soroptimistaklúbbs Mosfellssveitar*

Fréttir úr ýmsum áttum

Nýir klúbbar:

12 nóvember 2005
FRIA-KIMBO Guinea
15. nóvember 2005
DALABA Guinea

3. desember 2005
ESBJERG FREJA Danmörk
28. janúar 2006
TOMBOUCTOU Mali
18. mars 2006
PADERBORN Þýskaland

25. mars 2006
WIEN-RINGSTRASSE
Austurríki
10. júní 2006
SOLOTHURN Sviss



Við hjálpum þér
að láta það gerast